

megi fyrir skuld þá, er hún á hjá útgefendum „Íslendinga”, og 28. septembermán. f. á. var komin niður í 956 rd. 34 sk., undir eins og búið er að borga prentsmiðjunni upphæð þá, sem boðin er, alls 700 rd.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörðið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið eptir atvikum er því ekki mótfallið, að útgefendur „Íslendinga” komist úr skuld sinni við landsprentsmiðjuna á þann hátt, að þeir skuldbindi sig á löglegum sáttafundi einn sem allir og allir sem einn til að greiða prentsmiðjunni 700 rd. áður en ár sé liðið frá því að sáttasamningurinn var gjörður, og má þá kvitta fyrir skuld þeirra til prentsmiðjunnar, þegar þeir eru búnir að greiða henni tæða upphæð.

### 8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæmiu, um fjölgun pósthæðanna í hans umdæmi.

12. marz.

Útaf bréfi yðar, herra amtmáður, dagsettu 5. nóvembermán. f. á., um fjölgun pósthæðanna í umdæmi því, er þér eruð settir yfir, hefir stjórnarráðið í dag ritað stiptamtmaninum yfir Íslandi á þá leið, er sjá má á meðfylgjandi eptirriti.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins:

Í bréfi dagsettu 15. októbermán. 1866, er fylgir hér með í eptirriti, sókti amtmáðurinn yfir vesturumdæminu um leyfi til að koma á bæði þremur nýjum pósthæðum á ári milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og líka sex pósthæðum á ári milli prestssetursins Kvennabrekku í Dalasýslu og Hladhamars í Strandasýslu, og ætlaðist hann á, að kostnaðurinn til þessara pósthæðamundi verða hærumbil 120 rd. á ári. Útaf bænarskrá, er alþingismennirnir fyrir Ísafjarðar-, Barðastrandar-, Stranda- og Dalasýslu höfðu sent tæðum embættismanni, um fjölgun pósthæðanna milli Stykkishólms og Ísafjarðarsýslu, og um nýja pósthæðungu um Vestur-Ísafjarðarsýslu og milli Hrutafjarðar og Barðastrandar-

1868.

12. marz.

sýslu og Dalasýslu, hefir hann í bréfi 5. nóvembermán. f. á., er einnig fylgir hér með í eptirriti, borið málefni þetta á ný upp fyrir stjórnarráðinu, og hefir hann sérilagi tekið fram, hversu áriðandi það sè, að póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar verði fjölgað, og að aukapóstur sè látinn ganga í hvert skipti milli Bildudals kaupþúns, þar sem sýslumaðurinn í Bardastrandarsýslu býr í grennd við, og einhvers bæjar, þar sem pósttaskan verði opnuð, á póstgöngunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar.

Eins og nú er ástatt, hefir dómsmálastjórnin að vísu ekki haldið, að búizt verði við, að nein viðbót fáist við fè það, sem veitt er árlega í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, og nýlega hefir verið fært upp úr 800 rd. í 1000 rd., en með því að fjölgun sú á póstgöngunum í vesturumdæminu, sem amtmaðurinn þar hefir farið fram á, virðist vera mjög svo nauðsynleg, og stjórnarráðinu finnst vera sannsýnilegt, að fè það, sem veitt er í fjárhagslögunum til póstgangnanna á Íslandi, komi öllum þremur umdæmunum nokkurnveginn jafnt í hag, eruð þær beðnir, herra stiptamtmaður, að íhuga, og ef yður svo sýnist, ráðgast skriflega um það við hina amtmennina, hvort ekki mætti skipta þessum 1000 rd. þannig milli allra þriggja umdæmanna, að fè það fengist, er þarf til að fjölga póstgöngunum í vesturumdæminu eins og Thorberg amtmaður hefir farið fram á.

Vær búumst við að fá skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, um hvað úr þessu verður.

19. marz.

## 9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um hvalaveiðar útlendra þjóða of nærri landi.

Útaf því, að stjórnendur fiskiveiðafélagsins danska höfðu kært fyrir dómsmálastjórninni, að það sjáist á skýrslum frá skipum félagsins, að tvö hvalaveiðaskip, sem voru á hvalaveiðum